

borgunardags. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. apríl 1916.

68/1915

Sigurður Hjörleifsson  
gegn  
Birni Kristjánssyni.

D ó m u r :

Með skjali dags. 3. apríl 1912 skuldbatt Björn bankastjóri Kristjánsson sig til að greiða áfrýjanda Sigurði Hjörleifssyni ritstjóra næstu 6 ár frá 1. júlí s. á. til 1. júlí 1918, 300 kr. á ári, er greiðast skyldu fyrirfram með 150 kr. 1. júlí og 1. jan. ár hvert. Var þessi greiðsla þeim skilyrðum bundin, að áfrýjandi flytti sig sama ár til Reykjavíkur, að hann frá 1. júlí gæfi sig við stjórnmalastörfum og gerðist pólitískur ritstjóri blaðsins »Ísafold« um greint 6 ára bil og að hann sæi blaðinu »Norðurlandi« á Akureyri fyrir efni, sérstaklega stjórnmalagreindir, að svo miklu leyti sem þörf gerðist og fyrir yrði komið um sama tímabil. Áfrýjandi flutti sig til Reykjavíkur í júní 1912, og tók við ritstjórn »Ísafoldar« 1. júlí s. á., en slepti þeim starfa aftur 1. marz 1913. Stefndi greiddi ekkert af fé því, sem hann hafði heitið áfrýj-

anda og taldi sér það óskilyt; höfðaði áfrýjandi því mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér hið lofaða fjártillag fyrir þá 8 mánuði, er áfrýjandi starfaði við »Ísafold«  $\frac{8}{12}$  af 300 kr. eða 200 kr. Var málið dæmt á bæjarþinginu 8. jan. 1914 (þessi dagsetning virðist þó vera misrituð í dómsgerðunum) með þeim úrslitum, að stefndi skyldi greiða áfrýjanda 150 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 28. marz 1913, en málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 30. sept. f. á. og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirréttinum verði að fullu teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir eigi gagnáfrýjað málinu, en krafist staðfestingar á dómnum í öllum greinum og málskostnaðar fyrir báðum dómum, eftir mati réttarins.

Eins og málið þannig liggur fyrir kemur að eins til álita hvort stefnda beri að greiða áfrýjanda þær 50 kr., er hann var sýknaður af í undirrétti. Þessar 50 kr. eru tiltölulegur hluti hins umsamda árgjalds fyrir mánuðina janúar og febrúar 1913.

Stefndi heldur því fram, að þó honum yrði talið skylt að greiða árgjaldið fyrir missirið 1. júlí til 31. des. 1912, þá hafi sú skylda fallið niður úr því, með því að áfrýjandi hafi þá eigi lengur getað fullnægt því skilyrði sammingsins, að sjá blaðinu »Norðurlandi« fyrir efni, sérstaklega stjórnmalagreinum, en það skilyrði sé svo að skilja, að áfrýjandi héldi

»Norðurlandi« uppi með sömu stjórnmalastefnu og áður, sjálfstæðisstefnunni. En í stað þess hafi áfrýjandi selt blaðið fyrir árslok 1912 í algerðu heimildarleysi í hendur ákveðnum stjórnmalaaandstæðingi, og þannig gert sér ómögulegt að sjá blaðinu fyrir efni eða ráða neinu um stefnu þess.

Áfrýjandi telur hinsvegar enga heimild fyrir þeirri skýringu á nefndu skilyrði, sem stefndi heldur fram; áfrýjandi hafi átt að sjá »Norðurlandi« fyrir efni, að svo miklu leyti sem þörf gerðist og fyrir yrði komið, en þessi orð séu svo óákveðin, að auðsætt sé að engin áhersla hafi verið lögð á þetta skilyrði, og hvað sem því liði, bresti alla heimild til að líta svo á, að áfrýjandi hafi tekið á sig neina skuldbindingu til að halda blaðinu úti greindan 6 ára tíma, enda hefði það verið fásinna, eins og fjárhagur blaðsins þá var; blaðið hafi stjórn hlutafélags þess, er átti blaðið, selt, en eigi áfrýjandi, og hafi félagsstjórnin eigi séð sér annað fært vegna fjárskorts, og hafi henni þótt réttara að selja blaðið en láta það leggjast niður svo, að ekkert hefðist upp úr því til lúkningar skuldum, sem það var komið í. Heldur áfrýjandi því fram, að salan hafi verið lög-mæt, og þótt svo hefði ekki verið, þá hefði hann eigi getað komið í veg fyrir hana.

Blaðið »Norðurland« var hlutafélagseign, og var áfrýjandi einn af þremur í stjórn félagsins. Á aðalfundi félagsins 18. ágúst 1912 var því hreyft, að mikilsvert væri fyrir framhald blaðsins að ná samningi við forráðamenn blaðsins »Norðra« um niðurlagningu þess, og áfrýjandi með öðrum manni kosinn

til að leita samninga um sameiningu blaðanna. Það var á fundi þessum, að því er virðist, talið óvíst að blaðið »Norðurland« héldi áfram, en ef svo yrði, var gert ráð fyrir tekjuhalla á rekstri þess, og áfrýjanda var heimilaður forgangsréttur að útistandandi skuldum blaðsins fyrir tekjuhallanum á því ári, ef það héldi áfram til ársloka. Að öðru leyti voru ekki ráðstafanir gerðir á fundinum til að rétta við fjárhag blaðsins. Tilraunir virðast hafa verið gerðar til þess að ná samningnum við umráðendur »Norðra« um sameining blaðanna, en orðið árangurslausar, og eftir það seldi hlutafélagssjórnin »Norðurland«, þannig að salan taldist frá 1. jan. 1913. Á fundi í félaginu sumarið 1913, er eigendur og umboðsmenn eigenda að meiri hluta hlutafjárins sóttu, var sala blaðsins að visu talin ólögmet, en þó samþykkti fundurinn hana eftir atvikum.

Af því sem nú hefir verið sagt svo og af framlögðum efnahagsreikningi blaðsins »Norðurlands« virðist mega ráða það með nægri vissu, að blaðið hafi verið komið í fjárprot við árslok 1912 eða fyr, og að hluthafar hafi eigi talið sér fært að leggja fram meira fé til að halda því uppi. Þar sem nú framangreint skilyrði um að áfrýjandi skyldi sjá blaðinu fyrir efni, verður eigi skilið svo, að hann hafi átt að annast um útgáfu blaðsins á sinn kostnað, þá verður honum ekki um kent, þó að útkoma blaðsins stöðvaðist sökum féleysis. Honum verður þá eigi heldur gefin sök á því, að hann gat ekki lengur fullnægt nefndu skilyrði og kemur þá eigi hér til greina, hvort það ráð, er félagsstjórnin

tók, að selja blaðið, hafi verið heimilt eftir lögum félagsins.

Eftir því sem áminst 3ja skilyrði í skjalinu 3. apríl 1912 er orðað, sbr. orðin »að svo miklu leyti sem þörf gerist og fyrir verður komið«, verður það eigi álitid svo ákveðið og fortakslaust, að skuldbinding stefnda eigi að falla niður, þó að því verði eigi fullnægt af ástæðum, er áfrýjandi á eigi sök á. Það verður því eigi litið svo á, að stefndi hafi losast við greiðsluskyldu eftir skuldbinding sinni, þó að svo færi, að áfrýjandi, eins og að framan er sagt, gæti eigi fullnægt settu skilyrði um blaðið »Norðurland«, og verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda fyrgreindar 50 kr. auk 150 kr. samkvæmt hinum áfrýjaða dómi eða samtals 200 kr. með 5% ársvöxtum frá 28. marz 1913 til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast. Málskostnað fyrir yfirdómi þykir stefndi eftir atvikum eiga að greiða áfrýjanda og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Björn Kristjánsson, greiði áfrýjanda, Sigurði Hjörleifssyni, 200 kr. með 5% ársvöxtum frá 28. marz 1913 til greiðsludags. Málskostnaður í héraði falli niður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 25 kr.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.